

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sent rafrænt á: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 4. mars 2021.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (sala á framleiðslustað). Þingskjal 850 — 504. mál. Stjórnarfrumvarp. Lagt fram á 151. löggjafarþingi 2020–2021.

FRÆ - Fræðsla og forvarnir leggst gegn því að frumvarpið verði samþykkt.

Ein mikilvægasta aðgerðin til að draga úr skaðlegum áhrifum og vandamálum tengdum neyslu áfengis er að takmarka aðgengi að því. Það er meðal annars gert með sölufyrirkomulagi áfengis. Frumvarpið felur í sér aukið aðgengi að áfengi með fjölgun sölustaða.

Núverandi sölufyrirkomulag áfengis hefur dugað vel eins og sést á því að áfengisneysla Íslendinga er með því minnsta sem þekkt í okkar heimshluta. Á undanförunum árum hefur einnig náðst umtalsverður árangur hér á landi í því að draga úr áfengis- og vímuefnaneyslu meðal ungs fólks sem hefur dregist saman svo vakið hefur heimsathygli. Sá árangur hefur náðst með þrotlausu og víðtæku samstarfi þeirra sem sinna rannsóknum, stefnumótun og störfum í þágu barna og unginga, sem og foreldra; árangri sem meðal annars byggir á takmörkunum á aðgengi að áfengi.

Breyting á þessari stefnu sem hefur reynst svo vel kallar á vandaðra mat/lýðheilsumat á líklegum áhrifum á heildarneyslu áfengis og áhrifum á lýðheilsu og samfélag en fram kemur í greinargerð með frumvarpinu. Þar er einungis sagt að ekki sé: „... talið að þessi breyting muni hafa teljandi áhrif á lýðheilsu þjóðarinnar þrátt fyrir að breytingin feli í sér fjölgun á áfengisútsölustöðum.“ Í ljósi þess að heilsufarslegur og samfélagslegur vandi vegna áfengisneyslu er umtalsverður þarf að koma fram á hverju þessi spá er byggð. Hlutverk stjórnvalda er að gæta að áhrifum á heilsu og líðan íbúa í samfélaginu við stefnumótun og stjórnsýsluákvæðanir og byggja þær á traustri þekkingu.

Í greinargerð með frumvarpinu segir einnig að ekki sé: „... gert ráð fyrir teljandi áhrifum á áfengissölu ÁTVR.“ Hér skortir einnig forsendur enda felur þessi spá í sér annað tveggja að nánast ekkert áfengi muni seljast á hinum nýju sölustöðum áfengis eða að salan á þessum nýju stöðum verði hrein viðbót við það áfengi sem nú er selt í landinu. Verði hið síðarnefnda raunin er trúverðugleiki þeirrar staðhæfingar sem fram kemur í greinargerðinni með frumvarpinu að því sé: „...ekki ætlað að stuðla að aukinni neyslu“, að engu orðinn.

Fyrir hönd Fræðslu og forvarna,



Árni Einarsson, framkvæmdastjóri

Þekking í þágu forvarna